



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 18. mars 2024

## Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt innri endurskoðunar á brunavarnaáætlun slökkviliðsins – MSS23010015

Þann 7. febrúar 2024 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði þann 25. janúar s.á. Óskað var umsagnar innan 30 virkra daga.

### *Fyrirspurnin*

„Í fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 14 des. 2023 í lið 1 kemur fram að innri endurskoðun gerir grein fyrir ákvörðun sinni um stöðvun á vinnu við úttekt á brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hverju úttekt á brunavarnaáætlun er frestað. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé verið að uppfylla áætlunina.“

### *Svar við fyrirspurn*

Úttekt IER á brunavarnaáætlun SHS með áherslu á hlítingu við lög og reglugerðir var á innri endurskoðunaráætlun 2021-2022 og hófst vinna í mars 2022. Vinna við úttektina dróst af ýmsum ástæðum og unnið var að henni í skorpum fram á vor 2023, en þá var tekið hlé.

Nýtt brunavarnasvið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar tók til starfa haustið 2020 og hófst handa við úttektir á starfsemi slökkviliða, en niðurstöðurnar voru gefnar út í ítarlegri skýrslu árið 2022 um stöðu slökkviliðanna, þar sem farið er yfir þá þætti sem brunavarnaáætlun fjallar um. Athugasemdir varðandi SHS sneru aðallega að aðstöðu og búnaði á Kjalarnesi og frestun framkvæmda við endurnýjun tækja og húsnæðis skv. áætlun.

Slökkviliðsstjóri lagði fram tillögur að úrbótum vorið 2022 sem samþykktar voru af stjórn.

Í gildandi brunavarnaáætlun SHS er ákvæði um árlega endurskoðun HMS á mönnun kjarnastarfsemi SHS á gildistímanum mt.t. hlítu við lög, reglugerðir og leiðbeiningar HMS sem lúta að mönnun og þjónustustigi. Síðustu niðurstöður lágu fyrir vorið 2023 þar sem fram kom að ekki hefði náðst að uppfylla uppgefin viðmið og forsendur í brunavarnaáætlun.

Tillögur að úrbótum voru lagðar fram í skýrslu starfshóps sveitarfélaganna um húsnæðismál SHS, samþykktar af stjórn 14. desember 2023 og vísað til umfjöllunar í aðildarsveitarfélögunum, en þau hafa flest lokið umfjöllun sinni og samþykkt tillögurnar.

Það var því mat innri endurskoðanda að úttekt af hálfu IER á brunavarnaáætlun til viðbótar við vinnu HMS myndi ekki vera virðisaukandi fyrir SHS og hennar því ekki þörf og var það tilkynnt stjórn á fyrrnefndum fundi 14. desember sl.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins  
*(rafræn undirritun á næstu síðu)*

# Undirritunarsíða

Jón Viðar Matthíasson